

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar Brekkuskóla og nágrennis, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 3. júní 2003 samþykkt nýtt deiliskipulag á reit, sem afmarkast af Skólastíg, Hrafnagilsstræti, Þórunnarstræti, Þingvallastræti, Kaupvangsstræti og Eyrarlandsvegi.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir viðbyggingu vestan við hús Gagnfræðaskóla en ekki öðrum byggingum umfram þær sem fyrir eru á svæðinu. Gerð er grein fyrir fjölda og fyrirkomulagi bílastæða, gönguleiðum, opnum svæðum og lóðarmörkum innan skipulagssvæðisins.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akureyri, 25. ágúst 2003.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.